

Lagadeild HR

# Grunnnám - BA

Kennsluskrá 2005 - 2006



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Lagadeild HR

**Grunnnám - BA**

Kennsluskrá 2005 - 2006

Háskólinn í Reykjavík  
Ofanleiti 2  
103 Reykjavík  
Sími: 599 6200  
Símbref: 599 6201

Höfðabakka 9  
110 Reykjavík  
Sími: 520 7400  
Fax: 520 7401

Netfang: ru@ru.is  
Veffang:  
www.ru.is  
www.thi.is

Umbrot: Sólrún Smáradóttir  
Reykjavík, Mars 2005

## EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta lagadeildar .....	7
Kennarar og aðrir starfsmenn .....	9
Stefna og markmið lagadeildar .....	11
Námsleiðir .....	11
Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR .....	12
Nefndir og ráð .....	13
Grunnnám .....	15
Námskeiðslýsingar .....	16
- Haust 2005	
L-101 ADFE Aðferðafræði .....	16
L-102 STJÓ Stjórnskipunarréttur .....	17
L-103 KRÖF Kröfuréttur .....	18
L-104 BÖKH Bókhalð og greining ársreikninga .....	19
- Vor 2006	
L-201 SAMN Samningaréttur .....	20
L-202 FÉLA Félagaréttur .....	21
L-203 EIGN Eignaréttur .....	22
L-204 VERK Stofnun fyrirtækja .....	23
- Haust 2006	
L-301 RÉTT Réttarfar .....	23
L-302 SKAD Skaðabótaréttur .....	24
L-303 SAMK Samkeppnisréttur .....	25
L-304 HUGV Hugverkaréttur .....	26
- Vor 2007	
L-401 STJÓ Stjórnsýsluréttur .....	26
L-402 REFS Refsiréttur .....	27
L-403 EVRÓ Evrópuréttur .....	28
L-404 RAUN Raunhæft verkefni .....	29
- Haust 2007	
L-501 VERD Verðbréfamarkaðsréttur .....	30
L-502 SKAT Skattaréttur .....	30
L-503 THJO Þjóðaréttur .....	31
L-504 FJOL Fjölskyldu- og erfðaréttur .....	32
- Vor 2008 - Valgreinar	
L-601 ENSL Enskt lagamál .....	33
L-602 FJAR Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu .....	34
L-603 FULL Fullnusturéttarfar .....	35
L-604 OPIN Opinbert réttarfar .....	36
L-605 KAUP Kauparéttur .....	37
L-607 FELA Fjármagnsfélög - hlutafélagaréttur .....	38
L-608 UPPL Upplýsingatækniréttur .....	38
L-610 VINN Vinnuréttur .....	39
L-611 BARIT BA ritgerð .....	39
Meistaránám .....	40
Um námsmat og einkunnagjöf .....	40
Reglur um prófgögn í lagadeild .....	41

Framvindureglur í lagadeild .....	41
Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms (BA) í lagadeild: .....	42
Forsetalisti .....	43



Lagadeild Háskólans í Reykjavík tók formlega til starfa 22. ágúst árið 2002. Deildin mun því haustið 2005 hefja sitt fjórða starfsár.

Við lagadeild HR er boðið uppá grunnám til BA gráðu og meistaranám til ML gráðu. Grunnámið er að meginstefnu reist á þeim greinum lögfræðinnar sem oft eru nefndar grunn- eða kjarnagreinar. Þá er jafnframt lögð veruleg áhersla á ýmsar aðrar námsgreinar sem segja má að hafi á undanförunum árum öðlast mjög aukna þýðingu í störfum lögfræðinga, einkum vegna sífellt flóknara lagaumhverfis í atvinnurekstri, tækniþróunar og alþjóðavæðingar. Nægir þar að nefna greinar eins og félagarétt, samkeppnisrétt, hugverkarétt, skattarétt, verðbréfiðskiptarétt, Evrópurétt og þjóðarétt. Þessar áherslur endurspeglast í skipulagi “skyldunámsins” en einnig í framboði valgreina.

Sérstaða lagaeildar HR ræðst ekki eingöngu af því hvaða námsgreinar eru kenndar við deildina á hverjum tíma, í hvað röð það er gert og hvaða námsefni er notað. Nemendur við lagaeildina eru þátttakendur í “kúltúr” Háskólans í Reykjavík sem einkennist m.a. af áherslu á notkun rafrænna miðla í námi, verulegri áherslu á verkefnavinnu (einstaklings- og hópverkefni) þar sem reynt er að örva frumkvæði nemenda og hvetja þá til sjálfstæðra vinnubragða, nánú samstarfi við atvinnufyrirtæki, umhverfi án “deildarmúra” og náms- og vinnuumhverfi sem einkennist af mikilli samvinnu nemenda og kennara.

Fyrsti hópurinn sem lýkur BA gráðu frá lagadeild HR útskrifast í vor og rannsóknartengt meistaranám hefst við deildina næsta haust. Árið 2005 er því tímamótaár í sögu deildarinnar. Við bjóðum alla nemendur okkar haustið 2005 hjartanlega velkomna til starfa. Ykkar býður mikið og skemmtilegt nám. Lagadeild HR hefur þegar unnið sér traustan sess og markað spor í laganámi hér á landi. Við höldum áfram á þeirri braut.

Reykjavík, í febrúar 2005

Þórður S. Gunnarsson  
forseti lagaeildar HR

**KENningar OG Aðrir Starfsmenn****Kennarar í grunnnámi og aðrir starfsmenn lagadeildar**

	Sími	Netfang
<b>Forseti</b>		
Þórður S. Gunnarsson hrl.	599-6241	thordur@ru.is
<b>Deildarfulltrúi</b>		
Jóna K. Kristinsdóttir	599-6407	jonak@ru.is
<b>Lektorar, dósentar og prófessorar</b>		
Aðalsteinn E. Jónasson LL.M, lektor	590-2900	adalsteinn@ru.is
Áslaug Björgvinsdóttir LL.M., dósent	599-6402	ab@ru.is
Dr. juris Guðmundur Sigurðsson dósent	599-6405	gudmundur@ru.is
Dr. juris Guðrún Gauksdóttir LL.M., dósent	599-6298	gudrungauks@ru.is
Jóhannes Sigurðsson LL.M., prófessor	599-6403	js@ru.is
Dr. Ragnhildur Helgadóttir LL.M., lektor	599-6282	ragnhildurh@ru.is
<b>Sérfræðingar</b>		
Sigurður T. Magnússon cand.juris	599-6279	sigurdurtm@ru.is
Þórdís Ingadóttir LL.M.	599-6290	thi@ru.is
<b>Aðjúnktar</b>		
Andri Árnason hrl.	533-5030	andri@ru.is
Dögg Pálsdóttir MPH, hrl.	561-7755	dogg@ru.is
Margrét Vala Kristjánsdóttir LL.M., hdl.	599-6223	margretvala@ru.is
Matthías G. Pálsson Ph.D.	545-9900	matthias@ru.is
Rán Tryggvadóttir M.Phil.	510-6408	ran@ru.is
<b>Stundakennarar</b>		
Birgir Már Ragnarsson LL.M., hdl.		birgirmr@ru.is
Erlendína Kristjánsdóttir M.Paed., BA		erlendina@ru.is
Feldís Lilja Óskarsdóttir cand. juris		feldis.oskarsdottir@tmd.is
Guðrún Tryggvadóttir BA		gudrunt@ru.is
Guðný Ragnarsdóttir BA		gudnyr@althingi.is
Gunnar Gunnarsson hdl.		ggunnarsson@ru.is
Gunnar Þór Pétursson LL.M., hdl.		gunnarthor@ru.is
Guðmundur J. Oddsson hdl.		gudmundurjo@ru.is
Guðrún Björk Bjarnadóttir LL.M., hdl.		gudrunbjork@logos.is
Halldór Jónsson hrl.		halldorj@ru.is
Hallgrímur Ásgeirsson cand.juris		hallgrimura@ru.is
Heimir Örn Herbertsson hdl.		heimiro@ru.is
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., LL.M.		helgamo@ru.is
Helgi Magnús Gunnarsson cand. juris		helgimg@ru.is
Jóhannes B. Björnsson hdl.		jbb@lm.is
Jóhannes R. Jóhannsson hrl.		johannesj@ru.is
Jón Vilberg Guðjónsson LL.M., hdl.		jong@ru.is
Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari		jonsteinar@ru.is
Jón H. Snorrason saksóknari		jonhs@ru.is
Jóna Björk Helgadóttir cand.juris		jonabjork@ru.is
Jónas Þór Guðmundsson hdl.		jonastg@ru.is

Kristinn Freyr Kristinsson cand. oecon  
 Oddný Mjöll Arnardóttir Ph.D., hdl.  
 Ólafur F. Haraldsson hrl.  
 Reimar Pétursson hrl.  
 Sigurður Arnalds hdl.  
 Þórólfur Jónsson LL.M., hdl.

kristinn.f.kristinsson@pwc.co.is  
 oddny@ru.is  
 olafur@ru.is  
 reimar@ru.is  
 sigurdura@ru.is  
 thorolfur@ru.is

### Aðrir starfsmenn

Þóra Ingibjörg Guðnadóttir, þjónustufulltrúi

599-6248 thora@ru.is

## STEFNA OG MARKMIÐ LAGAEILDAR

Nám við lagadeild HR er metnaðarfullt nám og gerðar eru miklar kröfur til stúdenta og kennara. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði stúdenta og sjálfstæð vinnubrögð og þjálfá þá í framsögn og kynningu. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda. Gerð er krafa um að stúdentar taki virkan þátt í umræðum.

### Við lagadeild HR er sérstök áhersla lögð á

- hefðbundnar „kjarnagreinar“ lögfræðinnar. Að auki er lögð mikil áhersla á hinar „nýju kjarnagreinar“ sem hafa verulega þýðingu í starfi lögfræðinga nú á tímum, s.s. félagarétt, skattarétt, samkeppnisrétt, fjármálarétt, hugverkarétt, Evrópurétt og þjóðarétt.
- alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og aukna þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.
- notkun rafrænna miðla í námi og starfi lögfræðinga.
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð.
- úrlausn raunhæfra viðfangsefna.

## NÁMSLEIÐIR

- BA í lögfræði, þriggja ára nám (90 ein.)
- Meistarapróf – ML í lögfræði, tveggja ára nám (60 ein.)

### Þriggja ára grunnám

Innan grunnnámsins eru kenndar allar megingreinar lögfræðinnar, auk námskeiða í bókhaldi og greiningu ársreikninga og nýsköpunarfræðum.

- Á vorönn á 1. ári taka laganemar þátt í nýsköpunarnámskeiðinu „Stofnun fyrirtækja“. Námskeiðið er jafnframt skyldunámskeið í viðskiptadeild HR en valnámskeið í öðrum deildum. Á námskeiðinu læra laganemar að stofna fyrirtæki á grundvelli viðskiptahugmynda og viðskiptaáætlunar sem þeir hafa tekið þátt í að semja. Námskeiðið er mjög gagnlegt fyrir verðandi lögfræðinga og opnar þeim raunhæfa sýn inn í heim fjármála og viðskipta.
- Á vorönn á 2. ári er námskeið sem leiðir nemendur í gegnum gerð flókinna viðskiptasamninga og málarekstur. Námskeiðið er raunhæft og tvinnar saman nokkrar af megingreinum lögfræðinnar.
- Á vorönn á 3. ári gefa valnámskeið innan lagadeildar nemendum kost á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar. Enn fremur gefst þeim kostur á að velja námskeið á öðrum sviðum innan annarra háskóladeilda hér á landi eða erlendis.

**Meistaránám**

Meistaránám hefst við lagadeild HR haustið 2005. Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Námið byggir að verulegu leyti á sjálfstæðri vinnu nemenda undir handleiðslu færustu kennara, með mikilli áherslu á rannsóknir og verkefnavinnu.

**Áherslusvið**

Fjöldi námskeiða er í boði innan meistaránámsins en sérstök áhersla er lögð á að bjóða námskeið og málstofur á eftirfarandi sviðum:

- alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
- dómstóla og málflutnings.
- fjármunaréttar.

**Mögulegt verður að ljúka meistaránámi af alþjóðasviði.****Inntökuskilyrði í meistaránámið:**

- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða í lögfræði.
- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða (t.d. BS eða B.Ed) í annarri námsgrein en lögfræði.

**Þeir sem ljúka meistaránámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 120 einingum í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.**

**RANNSÓKNASTOFNANIR Á VEGUM LAGAEILDAR HR**

Við lagadeild HR eru starfræktar þrjár rannsóknastofnanir og Miðstöð Evrópuupplýsinga. Nemendum gefst kostur á að starfa við þessar stofnanir, m.a. í tengslum við rannsóknaverkefni kennara og eigin rannsóknaverkefni.

**Evrópuréttarstofnun HR**

Evrópuréttarstofnun HR (EHR) var stofnuð haustið 2002. Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópumála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknvinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna.

**Miðstöð Evrópuupplýsinga**

Miðstöð Evrópuupplýsinga (European Documentation Centre – EDC) tók til starfa í Háskólanum í Reykjavík í ágúst 2003 á grundvelli samnings lagadeildar HR og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta er ein af 500 upplýsingamiðstöðvum sinnar tegundar í Evrópu og sú eina á Íslandi. Hlutverk EDC er að styðja og efla háskólanám, kennslu og rannsóknir sem tengjast málefnum Evrópu, auk þess að vera upphafspunktur upplýsingaleitar um Evrópusambandið, en í miðstöðinni er m.a. að finna opinberar útgáfur og gögn stofnana Evrópusambandsins.

**Rannsóknastofnun HR í fjármálaþjónustu**

Markmið Rannsóknastofnunar í fjármálaþjónustu er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis, auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf.

**Rannsóknastofnun í auðlindarétti**

Rannsóknastofnun í auðlindarétti var stofnuð haustið 2003. Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði.

**Nemendum í meistaránámi gefst kostur á að starfa við framangreindar stofnanir í tengslum við meistaraverkefni.**

**NEFNDIR OG RÁÐ****Námsþróunarráð:**

Guðmundur Sigurðsson formaður  
Sigurður Tómas Magnússon  
Þórdís Ingadóttir

Hlutverk Námsþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu náms innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Námsþróunarráðs eru eftirfarandi:

- að vinna að uppbyggingu og þróun grunn- og framhaldsnáms við deildina.
- að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina.

- c. að endurskoða reglulega framgangs- og prófareglur deildarinnar.  
d. að vinna að þróun kennslumats.

**Rannsóknaráð:**

Ragnhildur Helgadóttir formaður  
Guðmundur Sigurðsson  
Guðrún Gauksdóttir

Helstu verkefni Rannsóknaráðs eru:

- a) að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum við aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknaráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.  
b) að koma á og viðhalda rannsóknasamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum.  
c) að þróa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknastarfi innan deildarinnar.  
d) að móta stefnu varðandi rannsóknasamstarf milli kennara og nemenda.  
e) að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknaverkefna innan deildarinnar.  
f) að aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

**Námsmatsnefnd:**

Hlutverk námsmatsnefndar er að afgreiða beiðnir um mat á námi/námskeiðum úr öðrum skólum.

Nefndina skipa:

Þórður S. Gunnarsson  
Guðrún Gauksdóttir.

**GRUNNNÁM (90 EINGAR, 3 ÁR)**

1. ár	2. ár	3. ár	4. önn
1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
Aðferðafræði (réttarheimildir, lögskýringar, lögfræðiupplýsingar á rafrænum miðlum og heimildavinna í lögfræði (4 ein.))	Samningaréttur (4 ein.)	Réttarfar (5 ein.)	Stjórnsýsluréttur (4 ein.)
Bókhald og greining ársreikninga (3 ein.)	Félagaréttur (4 ein.)	Skaðabótaréttur (4 ein.)	Refsiréttur (4 ein.)
Stjórnskipunarréttur (4 ein.)	Eignaréttur (4 ein.)	Samkeppnisréttur (3 ein.)	Evrópuréttur (4 ein.)
Kröfuréttur (4 ein.)	Stofnun fyrirtækja (3 ein.)	Hugverkaréttur (3 ein.)	Raunhæft verkefni (3 ein.)

3. ár
5. önn
Verðbréfamarkaðsréttur (5 ein.)
Skattaréttur (4 ein.)
Þjóðaréttur (3 ein.)
Fjölskyldu- og erfðaréttur (3 ein.)

**6. önn**

Á lokaönn í grunnnámi gefst nemendum kostur á að velja fimm valgreinar í lögfræði. Eftirtaldar valgreinar eru í boði:

- Enskt lagamál
- Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu
- Fjármagnsfélög – hlutafélagaréttur
- Fullnusturéttur
- Kauparéttur
- Opinbert réttarfar
- Upplýsingatækniréttur
- Vinnuréttur
- BA-ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina.

Nemendum er heimilt að fengnu samþykki LD að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra og erlendra, í stað einnar eða fleiri ofangreindra valgreina.



## GRUNNNÁM - NÁMSKEIÐSLÝSINGAR

### Fyrsta námsár

#### *Námskeið á haustönn*

#### **L-101 AÐFE Aðferðafræði**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Aðalkennari:</b>	Andri Árnason aðjúnt.
<b>Aðrir kennarar:</b>	Guðný Ragnarsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Steinn Jóhannsson, stundakennarar.
<b>Námsmat:</b>	<i>A-hluti:</i> Verkefni (ritgerð) 30%, skriflegt miðannarpróf 20% og munnlegt lokapróf 50%. Nemendur þurfa að ná lágmarks-einkunn 6 að meðaltali úr verkefni (ritgerð) og skriflegu miðannarprófi til að heimilt sé að gangast undir munnlegt lokapróf. Einkunnin 6 er jafnframt lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi. <i>B-hluti:</i> Viðveruskylða og skilaverkefni er í B-hluta námskeiðsins og skilyrði fyrir próftökurétti í munnlegt lokapróf.
<b>Lesefni:</b>	<i>Kennsluyfirlit í réttarheimildafræði og lögskýringum</i> [2005], Andri Árnason aðjúnt (netdreifing). <i>Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga – réttarheimildir</i> , Sigurður Lindal, 2003 - Hið íslenska bókmenntafélag. <i>Um fordæmi og valdmörk dómstóla</i> , Jón Steinar Gunnlaugsson, prófessor 2003 - Lagadeild Háskólans í Reykjavík. <i>Lögskýringar</i> , Davíð Þór Björgvinsson 1996 – Háskólaútgáfan. <i>Réttarfar í hnotskurn</i> , Andri Árnason aðjúnt, 2003 - Háskólaútgáfan.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og verkefna- og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	<i>A-hluti:</i> Fjórir fyrirlestrar í viku auk umræðu- og verkefnatíma frá 7. viku. <i>B-hluti:</i> Verkefna- og umræðutímar (fram til 7. viku).
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

#### **Námskeiðið skiptist í A- og B-hluta.**

A-hluti: Réttarheimildafræði og lögskýringar.

B-hluti: Lögfræðiupplýsingar á rafrænum miðlum og heimildavinna í lögfræði.

#### **Markmið og lýsing A-hluta:**

Markmið:

- að nemendur þekki megineinkenni íslenska réttarkerfisins.

- að nemendur þekki og skilji einstakar tegundir réttarheimilda, vægi þeirra og samspil við úrlausn raunhæfra viðfangsefna.
- að nemendur þekki þau gögn sem beitt er við lögskýringar.
- að nemendur þekki þær lögskýringaraðferðir og sjónarmið sem beitt er við skýringu laga.

#### **Lýsing:**

Fjallað verður ítarlega um réttarheimildir og beitingu þeirra við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna og um lögskýringar. Veruleg áhersla verður lögð á að nemendur öðlist skilning á eðli og þýðingu einstakra heimilda, samspili þeirra og vægi þegar leitast er við að komast að lögfræðilegum niðurstöðum í einstökum álitamálum. Í kennslu verður stuðst við dóma eftir því sem unnt er til skýringa á einstökum atriðum og megin-áhersla lögð á að þjálfa með nemandanum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð þegar réttarheimildir og beiting þeirra er annars vegar. A-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja grunn að frekara námi og rannsóknum á sviði lögfræðilegrar aðferðafræði.

#### **Markmið og lýsing B-hluta:**

Markmið:

- að nemendur þekki lögfræðiupplýsingar á rafrænu formi.
- að nemendur geti aflað sér upplýsinga í rafrænum miðlum með markvissum hætti.
- að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð við öflun og meðferð upplýsinga.
- að nemendur þekki undirstöðuatriði ritgerðasmíða og heimildavinnu í lögfræði.

#### **Lýsing**

Fjallað verður um notkun rafrænna upplýsingamiðla í lögfræði. Sérstaklega verður fjallað um íslenskar lögfræðiupplýsingar á rafrænu formi og áhersla lögð á vef Alþingis. Til hliðsjónar verður kynnt hvernig leitað er að lagagögnum í prentuðum útgáfum Alþingis- og Stjórnartíðinda. Nemendur kynnast vefbókasafni HR og rafrænum gagnasöfnum í lögfræði sem HR kaupir áskrift að, s.s. Safni hæstaréttardóma og laga- og dómasöfnum nágrannalanda. Má þar helst telja danskar lögfræðiupplýsingar og dóma í gagnasöfnunum Karnov og UfR. Að lokum verður farið í grundvallaratriði þess að setja saman ritgerð og vinna með heimildir í lögfræði. B-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja hagnýtan grunn að náminu.

#### **L-102 STJÓ Stjórnskipunarréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Ragnhildur Helgadóttir lektor.
<b>Námsmat:</b>	Þátttaka í umræðum og verkefnavinna 20%, miðannarpróf 20%,

<b>Lesefni:</b>	lokapróf 60%. <i>Stjórnskipunarréttur</i> , Gunnar G. Schram 1999 – Háskólaútgáfan. Ýmsar greinar og kaflar – ljósrít 2005.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjár fyrirlestrar í viku og einn umræðutími.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið:**

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- skilji grundvallarhugmyndir í stjórnskipunarrétti og áhrif þeirra.
- þekki einkenni og sögu íslenskrar stjórnskipunar.
- kunni skil á helstu reglum um mannréttindi og vernd þeirra.
- þekki helstu reglum um hlutverk, skipulag og starfsemi einstakra handhafa ríkisvaldsins og þeirra alþjóðastofnana sem koma við sögu.

**Lýsing**

Í námskeiðinu verður velt upp grundvallarspurningum í stjórnskipunarrétti, eins og á hverju ríkisvaldið sé byggt, hvernig staða borgaranna verði best tryggð gagnvart því og til hvers stjórnarskrár séu og hvað eigi að fjalla um í þeim. Einnig verða grundvallarhugtök í stjórnskipunarrétti rædd og meginskipulag íslenska ríkisins. Þannig verður fjallað um þriggri greiningu ríkisvaldsins, lýðræði, þingræði, mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum og hvernig er staðið að vernd þeirra og hvernig skuli standa að þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið gerir. Einnig verður rætt um túlkun stjórnarskrár og um áhrif hennar og alþjóðasamninga á túlkun almennra laga. Loks verður grundvallarskipulag íslenska ríkisins skoðað; handhafar ríkisvaldsins, hlutverk þeirra og staða.

**L-103 KRÖF Kröfuréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennarar:</b>	Þórólfur Jónsson, Birgir Már Ragnarsson og Guðmundur J. Oddsson stundakennarar.
<b>Námsmat:</b>	Frammistaða í tímum og umræðum, raunhæf verkefni 15%, miðannarpróf 15%, skriflegt lokapróf 70%.
<b>Lesefni:</b>	<i>Kaflar í kröfurétti I, II, III og IV</i> , Þorgeir Örlygsson, 2001-2002, handrit til kennslu. <i>Galli - Tímarit lögfræðinga</i> , Þorgeir Örlygsson. <i>Efndir in natura</i> , Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 50. árgangur, s. 285-366, Þorgeir Örlygsson. <i>Fyrirlestrar um fyrningu</i> , Ólafur Lárusson. <i>Viðskiptabréf</i> , Páll Hreinsson, 2004 - fjölritað hefti. <i>Yfirlit yfir helstu viðskiptabréfareglur sem gilda um skuldabréf</i> ,

Páll Hreinsson, 2003 - fjölrit auk itarefnis.  
*Viðskiptabréf*, Páll Hreinsson, 2004.  
*Kaflar úr kröfurétti Ólafs Lárussonar*, Andri Árnason, 2003.  
*Kröfuréttur*, Páll Sigurðsson, 1992.  
*Obligationsret I-IV*, Bernhard Gomard.

<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Fjórir fyrirlestrar í viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Markmið námskeiðsins er að nemendur (i) öðlist skilning á því hvað felst í hugtakinu kröfuréttur og átti sig á þýðingu þess í réttarkerfinu fyrir hin mismunandi réttarsvið, (ii) þekki allar grundvallarreglur kröfuréttar, (iii) þekki helstu dóma sem hafa þýðingu á þessu réttarsviði, (iv) fái þjálfun í að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á þær grundvallarreglur sem fjallað verður um og (v) fái þjálfun í því að tjá sig munnlega og skriflega um viðfangsefni kröfuréttar.

**Lýsing**

Fjallað verður meðal annars um þær reglur sem gilda um stofnun kröfuréttinda; mismunandi tegundir kröfuréttinda (almennar kröfur og viðskiptabréfakröfur); afmörkun kröfuréttinda gagnvart ýmsum öðrum réttindum; efnidir kröfuréttinda; vanefndir og vanefndaheimildir; lögvernd kröfuréttinda; aðilaskipti að kröfuréttindum (skuldara- og kröfuhafaskipti, bæði á almennum kröfum og viðskiptabréfakröfum) og lok kröfuréttinda. Viðfangsefnið er yfirgripsmikið. Mun því verða leitast við að setja námsefnið fram í raunhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitafna svo að nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem fjallað er um hverju sinni. Gerð verður krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúnir til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni.

**L-104 BÓKH Bókhald og greining ársreikninga**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Kristinn Freyr Kristinsson stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Skilaverkefni 10%, áfangapróf 20% og lokapróf 70%. Ná verður lágmarkseinkunn á lokaprófi áður en önnur verkefni fara að gilda í lokaeinkunn.
<b>Lesefni:</b>	<i>Fundamental Financial Accounting Concepts</i> , Edmonds, McNair, Milam, Olds 2003 - McGraw-Hill/Irwin.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og dæmatímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjár fyrirlestrar í viku og tveir verkefnatímar aðra hverja viku frá og með 7. viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á grundvallaratriðum reiknings-skila og skilji mikilvægi áreiðanlegra reikningsskila. Nemendur öðlist grundvallar-skilning á lögum um virðisauka-skatt og skilning á lögum og reglum sem gilda um ársreikninga íslenskra fyrirtækja. Einnig verður farið í helstu hugtök og kennitölur sem birtast í íslenska ársreikningnum þannig að nemendur séu færir um að greina og túlka ársreikninga.

**Lýsing**

Kynning á undirstöðuatriðum reikningsskila, þ.m.t. færslu á tvíhliða bókhaldi og áhrifum einstakra viðskipta á rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Kynning á helstu reglum sem reikningshaldið byggir á og hvernig þær tengjast mati og framsetningu á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum, s.s. innlausn tekna og gjalda, viðskiptakröfum, birgðum, varanlegum rekstrarfjármunum, langtímaskuldum og eigin fé. Kynning á grundvallaratriðum í lögum um virðisaukaskatt og hvernig skilum á honum er háttáð með hliðsjón af reglum reikningshaldsins. Kynning á helstu kennitölum í ársreikningum, s.s. veltufjárhlutfalli, eiginfjárhlutfalli, veltuhraða birgða, biðtíma útistandandi krafna, arðsemi eigin fjár og hvernig þær tengjast greiningu og túlkun á ársreikningum íslenskra fyrirtækja. Ársreikningar íslenskra fyrirtækja verða skoðaðir og farið í greiningu og túlkun á þeim.

**Námskeið á vorönn****L-201 SAMN Samningaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Matthías G. Pálsson aðjúnkt.
<b>Námsmat:</b>	25% miðannarpróf, 75% lokapróf.
<b>Lesefni:</b>	<i>Samningaréttur</i> . Páll Sigurðsson, 1987 – Orator.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðu/verkefnatímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geri sér grein fyrir helstu kenningum um eðli samninga og skuldbindingargildi þeirra.
- læri reglur og sjónarmið varðandi stofnun samninga, gildi þeirra og hvernig samningssamböndum lýkur.
- geti veitt lagalega ráðgjöf við samningsgerð og gengið frá samningstexta.
- öðlist færni í að greina veikleika og hugsanlega vankanta á samningum er þeir fá til umfjöllunar.

**Lýsing**

Námskeiðið hefst á umfjöllun um innihald hugtaksins samningur, fræðigreininna samningarétt og tengsl greinarinnar við önnur réttarsvið. Farið verður yfir meginreglur varðandi skuldbindingargildi samninga og réttarvernd þeirra. Þá verður vikið að íslensku samningalögum, hugmyndafræðinni sem þau byggja á og tengslum þeirra við önnur norræn samningalög, sem og evrópskan samningarétt og athugaðar skilgreiningar og inntak lykilhugtaka samningaréttarins. Fjallað verður ítarlega um stofnun gilds samnings og rætt um álitafni sem henni tengjast, s.s. hverjir geti gert samninga, kröfur um form, skyldu til samningsgerðar og svokallaða þriðjamanns löggerninga. Atriði á borð við tímafresti, höfnun og gagnþilboð verða skoðuð og fjallað verður um sérsjónarmið varðandi rafræna samninga í þessu samhengi. Á síðari hluta námskeiðsins verða ógildir samningar og einstakar ógildingarástæður tekin til nákvæmrar umfjöllunar. Á námskeiðinu verður síðan farið í reglur varðandi hvers konar milligöngu við samningsgerð og túlkun samninga, fjallað um ólík endalok samninga og sjónarmið sem þeim tengjast, s.s. vegna ógildanleika, uppsagnar, riftunar, tímaskilyrða o.fl. Umfjöllun námskeiðsins miðast við almenna samninga en einnig verður umfjöllun um sérsjónarmið varðandi einstakar sértegundir samninga. Meginviðfangsefni námskeiðsins er íslenskur og norrænn samningaréttur en einnig verður undir lok námskeiðsins gefin stutt innsýn í alþjóðlega viðskiptasamninga, þróun í samningarétti í Evrópu o.fl. Kennsla mun eftir föngum byggja á samspili nemenda og kennara, þar sem vænst er virkrar þátttöku þeirra fyrrnefndu. Stuðst verður við dóma þar sem við á og abstract hugtökum gefið líf með því að tengja þau raunhæfum dæmum, raunverulegum og uppspunnum.

**L-202 FÉLA Félagaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Áslaug Björgvinsdóttir dósent.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni og próf. Lokaeinkunn úr námskeiðinu mun samanstanda af eftirfarandi matsþáttum: Raunhæf verkefni samtals að vægi 30% og skriflegt lokapróf 70%. Skil á verkefnum er skilyrði þátttöku í lokaprófi. Lágmarkseinkunn í lokapróf er 5,0.
<b>Lesefni:</b>	<i>Félagaréttur</i> , Áslaug Björgvinsdóttir. <i>Hlutafélög og einkahlutafélög</i> , Stefán Már Stefánsson. Frekara náms- og ítarefni verður kynnt á námskeiðinu.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðutíma.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarþekkingu á reglum um helstu félagafarm og sjálfseignarstofnanir og færni í úrlausn félagaréttarlegra álitafna, bæði raunhæfra og fræðilegra.

**Lýsing**

Um er að ræða grunnnámskeið í félagarétti þar sem fjallað verður um viðfangsefni og réttarheimildir félagaréttar, eðli samstarfs í formi félaga og þau borin saman við önnur samvinnu- og rekstrarform. Gerð verður grein fyrir helstu hugtökum félagaréttar, eins og hugtakinu félag, lögaðili, firma og fyrirtæki. Einnig verður skoðaður munurinn á ólíkum tegundum félaga, eins og félagsskap og skipulagsbundum félögum; persónulegum félögum og fjármagnsfélögum. Fjallað verður um helstu félagaform íslensks réttar, þ.e. sameignarfélög, samlagsfélög, hlutafélög, samlagshlutafélög og einkahlutafélög og ófjárhagsleg félög (almenn félög/samtök) auk sjálfseignarstofnana. Til umfjöllunar verða reglur um stofnun félaga og sjálfseignarstofnana, skráningu þeirra, stjórnkerfi, heimildir (umboð) til að skuldbinda þau og réttarstöðu félagsmanna.

**L-203 EIGN Eignaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennarar:</b>	Guðrún Gauksdóttir dósent, Halldór Jónsson og Ólafur Haraldsson stundakennarar.
<b>Námsmat:</b>	Raunhæft verkefni 20% og lokapróf 80%.
<b>Leseefni:</b>	Eyvindur G. Gunnarsson og Þorgeir Örlygsson, <i>Þinglýsingalögin - skýringar (handrit til kennslu, 2004)</i> . Gaukur Jörundsson: <i>Eignaréttur</i> (fjölrit 1982-3 – vefútgáfa). Þorgeir Örlygsson: <i>Kaflar úr eignarétti I</i> (fjölrit 1998). Þorgeir Örlygsson: <i>Veðréttur</i> (2002). Annað lesefni tilkynnt síðar.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	4-5 fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið:** Að nemendur læri grundvallarreglur eignarréttar.

**Lýsing**

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallarreglur eignarréttar. Fræðigreinin eignaréttur er hluti fjármunaréttar, sem nær m.a. einnig yfir kröfurétt, samninga- og kauparétt og skaðabótarétt. Eignarréttindi hafa verið greind í hlutaréttindi, kröfuréttindi og hugverka- og auðkennaréttindi. Á þessu námskeiði verður einkum fjallað um hlutaréttindi, þ.e. þær grundvallarreglur sem gilda um réttindi yfir fasteignum og lausafé. Áhersla er lögð á fasteignaréttindi. Fræðigreinin eignaréttur tekur bæði til eignarréttar og takmarkaðra eignarréttinda, t.d. afnotaréttinda, ítaksréttinda og veðréttinda. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um hugtakið fasteign, flokkun fasteigna, mörk fasteigna og um eignarráð og takmörkun þeirra. Fjallað verður um vissa stofnunarhætti og brottfall eignarréttar, t.d. hefð og eignarnám. Farið verður sérstaklega yfir hugtakið veðréttindi og grunnreglur um stofnun veðréttinda með aðaláherslu á stofnun sammingsveðs og inntak þeirra réttarreglna sem um það gilda. Þá verður fjallað um þinglýsingareglur sem gilda um opinbera skráningu eignarréttinda og þau réttaráhrif sem tengjast slíkri skráningu.

**L-204 VERK Stofnun fyrirtækja**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennarar:</b>	Lilja Dóra Halldórsdóttir MBA, Þór Clausen og Magnús Orri Schram MBA.
<b>Námsmat:</b>	Hópastarf 20% og lokaverkefni 80%.
<b>Leseefni:</b>	The Successful Business Plan, fyrirlestrar.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og hópavinna.
<b>Kennslustundir:</b>	Tveir fyrirlestrar á viku og vinna við lokaverkefni í þrjár vikur til viðbótar.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja.
- öðlist aukinn skilning á liðshegðun.
- læri að finna góðar viðskiptahugmyndir.
- geti beitt viðskiptalegri dómgreind og sýnt frumkvæði.
- geti gert framúrskarandi viðskiptaáætlun.
- viti hvað þarf til að stofna fyrirtæki.

**Lýsing**

Námskeiðið miðar að þróun viðskiptahugmynda yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki og skiptist í fjóra meginþætti: (i) Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra – viðskiptahugmyndin. (ii) Undirbúningur viðskiptaáætlunar – veruleikaprófið. (iii) Gerð viðskiptaáætlana. (iv) Kynning viðskiptahugmynda fyrir fjárfestum.

**Annað námsár****Námskeið á haustönn****L-301 RÉTT Réttarfar**

5 ein. [ECTS:10]

<b>Kennarar:</b>	Sigurður Tómas Magnússon sérfræðingur og gestafyrirlesarar.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.
<b>Leseefni:</b>	<i>Einkamálaréttarfar</i> , Markús Sigurbjörnsson 2003. <i>Réttarfar í hnotskurn</i> , Andra Árnason. Fjölmarginir dómargir og fyrirlestrar kennara. Frekara námsefni og itarefni verður kynnt á námskeiðinu.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar, umræðutímar og heimsóknir í dómstóla.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm í viku.

**Undanfarar:** Nei.

**Markmið námskeiðsins er:**

- að nemendur öðlist þekkingu og skilning á dómstólakerfinu og hlutverki þess.
- að nemendur öðlist þekkingu og skilning á meginreglum einkamálaréttarfars.
- að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á þeim reglum sem gilda um undirbúning, höfðun og rekstur einkamáls fyrir dómstólum, kynnist því hvernig reglurnar hafa verið túlkaðar af dómstólum og fái nokkra þjálfun í að beita þeim við úrlausn raunhæfra verkefna.
- að nemendur öðlist grunnþekkingu á fullnusturéttarfari og opinberu réttarfari.

**Lýsing**

Fjallað verður um meginreglur einkamálaréttarfars, svo sem reglur um jafnræði málsaðila, munnlega málsmeðferð, opinbera málsmeðferð, milliliðalaus málsmeðferð og um forræði málsaðila á sakarefni máls. Þá verður fjallað um dómstólakerfið á Íslandi og um almennt og sérstakt hæfi dómara. Gerð verður grein fyrir einstökum flokkum dómsmála og hvaða mismunandi reglur gilda um meðferð þeirra. Þá verður fjallað um þær reglur sem gilda um rekstur einkamála frá útgáfu stefnu til uppkvaðningar dóms. Sérstaklega verður fjallað um stefnur og stefnubirtingu, varnarþing, málsaðild, fyrir-svar, sakarefni, kröfugerð, sönnunarfærslu, þingfestingu mála, aðalmeðferð, samningu dóma og réttaráhrif þeirra. Þá verða kynntir helstu lagabálkar um fullnustu krafna. Nemendum verður einnig veitt innsýn í opinbert réttarfari. Kynntar verða meginreglur í opinberu réttarfari og farið yfir helstu reglur um meðferð ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og brotþola og sönnunarfærslu. Loks verður vikið að málsskoti til Hæstaréttar. Nefndur verður fjöldi dóma til sögunnar sem varðar þetta réttarsvið.

**L-302 SKAD Skaðabótaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

**Kennari:** Guðmundur Sigurðsson dósent.  
**Námsmat:** Kynnt síðar.  
**Lesefni:** Kynnt síðar.  
**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar  
**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.  
**Undanfarar:** Nei.

**Markmið**

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum yfirsýn yfir þær réttarreglur sem gilda um skaðabætur utan samninga.

**Lýsing**

Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um skaðabætur utan samninga. Megináherslan verður lögð á skaðabætur vegna líkamstjóns og tjóns á munum en í minna

mæli fjallað um skaðabætur vegna almenns fjártjóns. Gerð verður grein fyrir skil-yrðum fyrir stofnun skaðabótakröfu, hverjir geti átt rétt til skaðabóta, réttarvernd og hvernig hún fellur niður. Einnig er lýst reglum um mat á umfangi tjóns og ýmsum upp-gjörsgreglum. Veruleg áhersla verður lögð á reglur skaðabótalaga nr. 50/1993. Ætlast er til virkrar þátttöku nemenda í tímum.

**L-303 SAMK Samkeppnisréttur**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Jóna Björk Helgadóttir og Heimir Örn Herbertsson stundakennarar.  
**Námsmat:** Tvö skrifleg verkefni gilda hvort um sig 15% í lokaeinkunn. Loks verður munnlegt lokapróf sem gildir 70% af heildareinkunn en nemendur þurfa að fá lágmarkseinkunn 5 á lokaprófi og á námskeiðinu í heild. Frammistaða nemenda í tímum getur leitt til hækkunar.  
**Lesefni:** *Competition Law*, 5th Edition, Whish Richard 2003, LexisNexis/Butterworths.  
**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.  
**Kennslustundir:** Þrjú fyrirlestrar á viku.  
**Undanfarar:** Nei.

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á þeim grundvallarhugmyndum sem liggja að baki samkeppnisreglum og því hvers vegna samkeppnislög hafa verið talin nauðsynleg markaðshagkerfum nútímans. Nemendur kunni skil á helstu efnis-reglum samkeppnislaga nr. 8/1993 með síðari breytingum, svo sem reglum um sam-keppnishamlandi samstarf fyrirtækja, misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja og þeim viðurlögum sem liggja við brotum á samkeppnislögum. Auk þess þekki nemendur þær erlendu reglur sem lögin byggjast á og helstu úrlausnir innlendra og erlendra samkeppnisyrivalda og dómstóla á þessu sviði. Þá er stefnt að því að nemendur kynnist meðferð samkeppnismála fyrir innlendum samkeppnisyrivöldum og dómstólum.

**Lýsing**

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum, og helstu reglur evrópsks samkeppnisréttar, auk þess sem gerð verður grein fyrir stefnumarkandi úrlausnum á þessu sviði, bæði íslenskum og erlendum. Farið verður yfir stjórnsýslu í samkeppnismálum og helstu efnisatriði samkeppnis-laga. Meðal annars verður fjallað um bann laganna við samráði keppinauta, bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og reglur um samruna. Þá verður gerð grein fyrir sektarheimildum samkeppnislaga.

**L-304 HUGV Hugverkaréttur**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Rán Tryggvadóttir aðjúnkt.
<b>Námsmat:</b>	Verkefnavinna og lokapróf.
<b>Lesefni:</b>	<i>Lærebog i Immaterialret</i> , (7. útg.), Mogens Koktvedgaard og Jens Schovsbo 2004, Jurist- og Ökonomforbundets Forlag.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjú fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Að kynna grunnhugmyndir og meginreglur hugverkaréttinda og að fjalla um mikilvægi þeirra og tengsl við menningarstarfsemi og atvinnulíf.

**Lýsing**

Fyrst verður farið yfir grunnhugmyndir hugverkaréttinda og hvernig uppbyggingu réttarreglna á þessu sviði lögfræðinnar er háttáð. Farið verður yfir helstu alþjóðasáttmála og tengsl þeirra við landsbundin réttindi. Því næst verður farið yfir einstakar greinar hugverkaréttinda og helstu reglur og hugtök á hverju sviði fyrir sig. Byrjað verður á höfundarétti að bókmenntaverkum eða listaverkum, sbr. lög nr. 73/1972 með síðari breytingum, síðan verður fjallað um einkaleyfi á uppfinningum, sbr. lög nr. 17/1991 með síðari breytingum, svo verður vörumerkjaréttur, sbr. lög nr. 45/1997 með síðari breytingum, og annar auðkennaréttur tekinn fyrir og að lokum hönnunarvernd, sbr. lög nr. 46/2001. Fjallað verður um þær reglur sem gilda um stofnun, gildistíma, vernd og meðferð þessara eignaréttinda. Einnig verður fjallað um alþjóðasamvinnu á þessum sviðum eftir því sem við á.

**Námskeið á vorönn****L-401 STJÓ Stjórnsýsluréttur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Margrét Vala Kristjánsdóttir aðjúnkt.
<b>Námsmat:</b>	25% raunhæft verkefni og 75% lokapróf.
<b>Lesefni:</b>	<i>Stjórnsýslulögin – skýringarrit</i> , Páll Hreinsson. <i>Starfsskilyrði stjórnvalda</i> . Útg. af forsætisráðuneytinu 1999. Ýmsir bókarkafar, tímaritsgreinar, dómur og álit sem verða kynnt jafnóðum.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið námskeiðsins er að í lok þess kunnir nemendur skil á:**

- meginreglum stjórnsýsluréttarins.
- réttarheimildum stjórnsýsluréttarins og grundvallarhugtökum.
- uppbyggingu stjórnsýslukerfisins.
- reglum um meðferð stjórnsýslumála.
- almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins.

**Lýsing**

Í störfum sínum þurfa lögfræðingar að hafa tíð samskipti við hið opinbera. Á þessu sviði gilda margvíslegar reglur sem nauðsynlegt er að kunna glögg skil á.

Í námskeiðinu verður uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og verkefnum stjórnvalda lýst stuttlega. Fjallað verður um réttarheimildir stjórnsýsluréttarins, meginreglur hans og grundvallarhugtök. Sérstaklega verður vikið að hugtökunum stjórnvaldsákvörðun og aðild að stjórnsýslumálum. Farið verður nokkuð nákvæmlega í reglur um meðferð stjórnsýslumála og efnisreglur stjórnsýsluréttarins, t.a.m. um það hvaða sjónarmið má leggja til grundvallar matskenndri ákvörðun. Í þeirri umfjöllun verður einnig vikið að réttaráhrifum annmarka á meðferð máls. Loks verður vikið að endurskoðun stjórnvaldsákvörðana og stutt kynning á eftirliti með störfum stjórnsýslunnar.

Þetta svið er yfirgripsmikið en mjög praktískt fyrir íslenska lögfræðinga. Áhersla er lögð á að tengja námsefnið við álitafni sem komið hafa upp. Unnið verður með álit umboðsmanns Alþingis og dóma. Nemendur munu vinna raunhæft verkefni þegar líða tekur á önnina.

**L-402 REFS Refsírættur**

4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Jón H. Snorrason stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Miðannarpróf 30% og skriflegt lokapróf 70%.
<b>Lesefni:</b>	Afbrot og refsíabyrgð I og II, Viðurlög við afbrotum, Jónatan Þórmundsson.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Kennslan er í formi fyrirlestra kennara og umræðutíma, þar sem fjallað er um afmörkuð atriði. Leitast er við að taka fyrir viðfangsefni sem eru ofarlega á baugi í fjölmiðlaumfjöllun og fræðilegri umræðu á hverjum tíma og þau sett í samhengi við námsefnið. Sérfræðingar, sem starfa á mismunandi sviðum refsírættar, koma í tíma og lýsa viðfangsefnum sínum og sérkennum þeirra. Áhersla er lögð á umfjöllun um dóma í kennslunni og þeir notaðir til að skýra og dýpka skilning nemenda á efninu.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á refsirétti og séu undir það búinir að starfa á þessu sviði lögfræðinnar og séu jafnframt betur undirbúnir fyrir frekara nám á sviði refsiréttar.

**Lýsing**

Í námskeiðinu er í aðalatriðum fjallað um eftirfarandi þætti: Hugtakið refsiréttur, staða hans í fræðikerfi lögfræðinnar og tengsl hans við aðrar fræðigreinar. Réttarheimildir refsiréttar. Hugtakið afbrot og flokkun afbrota. Tilraun til afbrota og afturhvarf frá tilraun. Hlutdeild í afbrotum og samverknað. Saknæmi. Brotasamsteypu. Sakhæfi. Ólögsmæti og hlutrænar refsileysisástaður. Ásetning. Gáleysi. Refsingar og önnur viðurlög. Ákvörðun refsingar. Ítrekun. Refsivist og refsivistarstofnanir. Lok refsí-ábyrgðar og brottfall viðurlaga. Þá er í námskeiðinu fjallað um sérgreindari viðfangs-efni refsiréttar, m.a. eftir því sem nýir dómur, lagabreytingar og fjölmiðlaumræða kann að gefa tilefni til.

**L-403 EVRÓ Evrópuréttur**

4 ein. [ECTS:8]

**Kennarar:** Gunnar Þór Pétursson stundakennari og Helga M. Óttarsdóttir aðjúnkt.

**Námsmat:** 70% munnlegt lokapróf, 20% skriflegt miðannarpróf, 10% verkefni í tíma.

**Lesefni:** *Textbook on EC Law*. (8. útg.), Steiner/Woods.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.

**Kennslustundir:** 4-5 fyrirlestrar á viku.

**Undanfarar:** Nei.

**Markmið**

- að nemendur nái góðum tókum á grundvallarþáttum og grundvallarreglum réttarkerfis Evrópusambandsins (ESB).
- að nemendur tileinki sér þekkingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum).
- að nemendur skilji tengsl Evrópuréttar og Íslensks réttar í gegnum EES-samninginn.

**Lýsing**

ESB er stærsta viðskiptasvæði Íslendinga og aðrir þættir þess en efnahagslegir eru verulegir og vaxandi. Íslendingar tengjast ESB fyrst og fremst í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið.

Fyrst verður fjallað um uppruna ESB og sögu þess. Þá verður tekist á við réttarkerfi ESB, eða Evrópurétt í þrengri merkingu. Fjallað verður um stofnanauppbyggingu

Sambandsins, löggjafarstarfsemi þess og aðra ákvarðanatöku. Grundvallarþáttum réttarkerfisins eins og beinum réttaráhrifum, forgangi Evrópuréttar og bótaábyrgð ríkisins verða gerð skil sem og samspili landsréttar aðildarríkjanna og Evrópuréttarins almennt. Fjallað verður sérstaklega um Evrópudómstólinn og Undirrétinn og tengsl þeirra við dómsýslu í aðildarríkjunum. Þá verður farið yfir grundvallarþætti innri markaðar EB, þ.e. frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustafsemi, frjálst flæði fólks, frjálsa fjármagnsflutninga og staðfesturétt, ásamt samkeppnisreglum EB.

Einnig verður fjallað um EES-samninginn, stofnanaþætti hans, ákvörðunartökuferli og efnissvið. Til umfjöllunar verða tengsl EES-samningsins og Íslensks landsréttar.

**L-404 RAUN Raunhæft verkefni**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Jóhannes Sigurðsson prófessor, Sigurður Tómas Magnússon sérfræðingur og Matthías G. Pálsson aðjúnkt.

**Námsmat:** Frammistaða nemenda í verkefnum er metin af leiðbeinendum og umsjónaraðilum.

**Lesefni:** *Alþjóðlegir viðskiptasamningar*, Hafliði K. Lárússon. *Einkamálaréttarfar*, Markús Sigurbjörnsson (valdar bls.). *Getting to YES- Negotiating an Agreement Without Giving In*, Roger Fischer og William Ury auk ítarefnis.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og hópavinna.

**Kennslustundir:** Þrjár vikur eftir lokapróf á vorönn.

**Undanfarar:** Nei.

**Markmið með námskeiðinu er:**

- að gefa nemendum almennt yfirlit yfir uppbyggingu tiltekinna tegunda viðskiptasamninga.
- að þjálfar nemendur í gerð viðskiptasamninga.
- að þjálfar nemendur í rekstri dómsmála í kjölfar ágreinings um efni samninga sem nemendur hafa gert.
- að gefa nemendum innsýn í samningu dóms um ágreiningsefni.

**Lýsing**

Námskeiðið skiptist í þrjú hluta og er hver hluti ein vika.

Í fyrsta hluta verður fjallað um efni og gerð tiltekinna tegunda viðskiptasamninga og gefið almennt yfirlit yfir helstu sameiginlega efnisþætti slíkra samninga. Þá verður lögð áhersla á samningatækni við gerð slíkra samninga. Gert er ráð fyrir fyrirlestrum/ umræðutímum um gerð viðskiptasamnings og samningatækni en að öðru leyti byggist þessi þáttur á verkefnavinnu um gerð viðskiptasamnings undir stjórn leiðbeinanda.

Í öðrum hluta verður unnið við gerð stefnu og greinargerðar í dómsmáli vegna ágrein-

ingsefna sem upp koma í þeim viðskiptasamningum sem aðilar hafa unnið að í fyrsta hlutanum. Fyrirlestrar/umræðutímar verða haldnir um helstu reglur og tækni við gerð þessara gagna. Verkefnavinna felst hins vegar í samningu stefnu eða greinargerðar. Í þriðja hluta verður sjónum beint að málflutningi fyrir dómstóli og samningu dóms um ágreiningsefni sem lagt hefur verið fyrir dómstól. Auk fyrirlestra/umræðutíma um reglur og tækni við málflutning og dómasamningu verður nemendum falið að flytja dómsmál eða semja dóm.

## Þriðja námsár

### Námskeið á haustönn

#### **L-501 VERD Verðbréfamarkaðsréttur** 5 ein. [ECTS:10]

<b>Kennarar:</b>	Jóhannes Sigurðsson prófessor, Aðalsteinn E. Jónasson lektor og Þórólfur Jónsson stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Lokapróf sem gildir 75% af einkunn og raunhæft verkefni 25%.
<b>Lesefni:</b>	<i>Verðbréfamarkaðsréttur</i> , Jóhannes Sigurðsson og Þórólfur Jónsson.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Fimm fyrirlestrar.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

#### **Markmið**

Markmið námskeiðsins er að nemendur fái heildaryfirsýn yfir þær reglur sem gilda um verðbréfavíðskipti og starfsemi skipulagðra verðbréfamarkaða.

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður fjallað um þá aðila og stofnanir sem koma að málum á verðbréfamarkaði og gerð verður sérstök grein fyrir réttindum og skyldum fjármálafyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Þá verður fjallað um almenn útboð og áreiðanleikakannanir, opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, upplýsingaskyldu skráðra félaga, yfirtökutilboð, innherjavíðskipti, markaðsmisnotkun og reglur um eftirlit með aðilum og starfsemi á verðbréfamarkaði.

#### **L-502 SKAT Skattaréttur** 4 ein. [ECTS:8]

<b>Kennari:</b>	Gunnar Gunnarsson stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Lokapróf sem gildir 70% af einkunn og tvö raunhæf

<b>Lesefni:</b>	skilaverkefni (heimapróf) og frammistaða í tímum gilda samtals 30% af einkunn. Valdir kaflar úr Skattarétti eftir Ásmund Vilhjálmsson og ýmsar greinar sem kynntar verða síðar. Auk þess eru allir fyrirlestrar til prófs auk ákvarðandi bréfa ríkiskattstjóra, úrskurða yfirskattanefndar, héraðs- og Hæstaréttardóma og reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem vísað er sérstaklega til í kennslu.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar (verkefnatímar).
<b>Kennslustundir:</b>	Fjórir fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

#### **Markmið**

Markmiðið með námskeiði í almennum skattarétti er að undirbúa nemendur undir verkefni þar sem reynir á beitingu skattalaga hvort heldur sem er í lögmennsku, á sviði stjórnsýslunnar, við skattaráðgjöf eða í tengslum við aðra hagsmunagæslu. Áhersla er lögð á að kynna nemendum gildandi skattalöggjöf, aðrar réttarheimildir og helstu sjónarmið við túlkun þeirra. Farið verður yfir skilgreininguna á hugtakinu skattur og þær kröfur sem gerðar eru til meðferðar skattlagningarvaldsins í íslenskum rétti. Sérstök áhersla er lögð á löggjöf varðandi skattlagningu lögaðila, fjármagnstekna, virðisaukaskatt, uppbyggingu skattkerfisins og málsmeðferðarreglur á sviði skattaréttar.

#### **L-503 THJO Þjóðaréttur** 3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Þórdís Ingadóttir sérfræðingur.
<b>Námsmat:</b>	Þátttaka í tímum 10%, skilaverkefni 25% og lokapróf 65%.
<b>Lesefni:</b>	Malcolm N. Shaw: <i>International Law</i> (5. útg.) og Damrosch, Henkin, Pugh, Schachter & Smit: <i>Basic Documents Supplement to International Law</i> , 4th.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjú fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu er farið yfir meginreglur þjóðaréttar og valin sérsvið hans kynnt. Í fyrri hluta námskeiðs verður fjallað um eðli og einkenni þjóðaréttar, tengsl þjóðaréttar og landsréttar, réttarheimildir, aðila þjóðaréttar, landsvæði ríkja, ábyrgð ríkja, lögsögu, úrlendisrétt, þjóðréttarsamninga, beitingu vopnavalds og fríðsamlega úrlausn deilumála. Gefið verður yfirlit yfir helstu alþjóðastofnanir og sérstaklega farið í hlutverk og skipulag Sameinuðu þjóðanna. Í seinna hluta námskeiðsins verða valin sérsvið innan þjóðaréttarins kynnt: umhverfisréttur, alþjóðlegur sakamálaréttur, alþjóðavíðskipti, hafréttur og mannréttindi. Í báðum hlutum verður lögð áhersla á álitamál liðandi stundar.



**L-504 FJOL Fjölskyldu- og erfðaréttur**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Dögg Pálsdóttir aðjúnkt.
<b>Námsmat:</b>	Þrjú verkefni sem nemendur leysa hver og einn eða í hópi sem í eru ekki fleiri en þrjú. Eitt verkefni verður í hjúskaparrétti (10%), eitt í barnarétti (10%) og eitt í erfðarétti (10%).
<b>Lesefni:</b>	Námsefni kynnt síðar auk ítarefnis.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Lögð er áhersla á virkni nemenda í kennslustundum.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjú fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- Tileinki sér helstu réttarreglur hjúskaparréttar, þ.e. um stofnun og slit hjúskapar, fjármál hjóna og fjárskipti milli hjóna. Í því sambandi verður fjallað um helstu réttarreglur sem gilda um staðfesta samvist og um óvígða sambúð.
- Tileinki sér helstu réttarreglur barnaréttar, þ.e. um faðerni og móðerni og forsjá. Í því sambandi verður fjallað um meðferð ágreinings um forsjá, umgengni og framfærslu barna vegna skilnaðar eða sambúðarslita, ættleiðingu og vernd barna.
- Tileinki sér helstu réttarreglur erfðaréttar.
- Þekki helstu dóma sem hafa þýðingu á þessum réttarsviðum.
- Fáí þjálfun í því að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á grundvallarreglur fjölskyldu- og erfðaréttar.

**Lýsing**

Farið verður yfir helstu þætti fjölskyldu- og erfðaréttar.

Byrjað verður á reglum um gerhæfi og réttshæfi (1 vika). Farið verður yfir helstu atriði lögræðis laga nr. 71/1997. Fjallað verður um lögræði, lögræðissviptingu, nauðungarvistun, lögræðismenn og ráðsmenn. Vikið verður að örfáum dómum.

Þá verður tekið til við hjúskaparrétt (4,5 vikur). Þar verður farið yfir helstu réttarreglur um stofnun og slit hjúskapar, réttindi og skyldur hjóna, fjármál hjóna og eignardeildir, kaupmála, slit hjúskapar og fjárskipti við hjónaskilnað. Jafnframt verður farið yfir helstu réttarreglur um stofnun og slit staðfestar samvistar og óvígðrar sambúðar. Í hjúskaparrétti verður farið yfir hjúskaparlög nr. 31/1993 með breytingum, lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 með breytingum, valda kafla í lögum nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o.fl. og helstu reglur um óvígða sambúð. Auk þess verður farið yfir allmarga dóma.

Því næst verður tekið til við barnarétt (4,5 vikur). Þar verður farið yfir helstu réttarreglur um ákvörðun faðernis og móðernis, forsjá og framfærslu barna, ákvörðun forsjár, samvista/umgengni og meðlags við hjónaskilnað eða sambúðarslit og hvernig unnt er að breyta ákvörðunum sem þá eru teknar. Einnig verður farið yfir réttarreglur um ættleiðingar og barnavernd. Í barnarétti verður farið yfir barnalög nr. 76/2003

með breytingu, ættleiðingarlög nr. 130/1999, barnaverndarlög nr. 80/2002 og lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Auk þess verður farið yfir allmarga dóma.

Yfirferð námskeiðsins lýkur á erfðarétti (4 vikur). Þar verður farið yfir helstu réttarreglur um arf og erfingja, erfðaskrár, setu í óskiptu búi, skipti dánarbúa og reglur um erfðafjárskatt. Í erfðarétti verður farið yfir erfðalög nr. 8/1962 með breytingum, lög um erfðafjárskatt nr. 14/2004 og valda kafla í lögum nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o.fl. Auk þess verður farið yfir allmarga dóma

**Valnámskeið á vorönn (15 e)****L-601 ENSL Enskt lagamál**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennarar:</b>	Erlendína Kristjánsson stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni og próf jafnt yfir önnina. Ekkert lokapróf.
<b>Lesefni:</b>	Kynnt síðar.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	3-4 fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

This course offers the students the opportunity to increase their overall proficiency in Legal English. Students will practise and enhance their four language skills, reading, writing, speaking, and listening:

1. Students will practise their reading skills through the extensive reading of various legal texts, the application of reading- and vocabulary acquisition strategies, and the completion of practical language assignments.
2. Students will be introduced to the nature and form of legal writing by analysing various legal genres, such as the professional memo, business letters, contracts, and various official legal documents. Students are introduced to the nature of, and the main ways in which to reduce elements of “Legalese” in documents. Standard phrases in business letters and contracts will also be covered. Students will work on aspects relating to tone and style, mechanics, and usage. Various writing assignments will be completed, aimed at the application of legal vocabulary and enhancing students’ writing skills and confidence levels.
3. Oral communication skills will be practised through short speeches, formal presentations, mock meetings, negotiation sessions, and moots. Students will be introduced to various oral communication strategies and standard phrases in oral communication. An emphasis is placed on negotiation strategies and the presentation of oral arguments.
4. Listening strategies will be practised through the use of multimedia: DVD, Internet, documentaries, and digital teaching material.

The four language skills will be practised aimed at increasing students' legal vocabulary and grammatical proficiency. Students work systematically on acquiring and developing their legal vocabulary. This will be done through extensive reading and the application of various vocabulary acquisition strategies. Students will practise and develop their grammatical proficiency in relation to the most common grammatical features of Legal English. This will be done through an analysis of legal documents.

Learning strategies that apply to each language skill will be introduced and students will actively work with the application and development of various advanced strategies that apply to Legal English.

The course is based on the following themes

- Legal Systems of the world
- Systems of Government (Icelandic, UK and USA) (The Icelandic Constitution)
- Judiciary Systems ((Icelandic, UK and USA)
- Legal Contracts (The Sales of Goods Contract, License Agreement, Franchise Agreement, Consignment, Distributorship, Loan Agreements)
- International Business Law (The Multinational Enterprise, Organisational Structures, International Banking)
- Competition Law (The Competition Act of Iceland)
- Crime
- Human Rights (The International Code of Human Rights)
- International Meetings and Negotiations
- Intellectual Property Law
- Debt Collecting (Bankruptcies)
- Other

### **L-602 FJAR Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennarar:</b>	Jóhannes Sigurðsson prófessor og Hallgrímur Ásgeirsson stundakennari.
<b>Námsmat:</b>	Lokapróf mun gilda 75% af lokaeinkunn en raunhæf verkefni 25%.
<b>Lesefni:</b>	Greinar og bókakaflar. Nánar kynnt síðar.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	3-4 fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

### **Markmið**

Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum yfirsýn yfir Evrópureglur á sviði fjármálaþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að nemendur muni kunna góð skil á þeim grundvallarreglum sem Evrópulöggjöf á sviði fjármálaþjónustu byggir á. Jafnframt er það markmið að nemendur verði vel að sér í meginreglum sem gilda um stofnun og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga.

### **Lýsing**

Á námskeiðinu verða kynntar allar tilskipanir og reglugerðir EES-samningsins um fjármálaþjónustu, þ.e. bankastarfsemi, verðbréfavíðskipti og kauphallastarfsemi, svo og váttryggingastarfsemi. Farið verður vandlega yfir tilteknar grundvallartilskipanir til þess að nemendur fái heildarmynd af þeim grunnreglum sem tilskipanirnar fela í sér. Hluti af Evrópureglunum lýtur að stofnanaþætti fjármálafyrirtækja. Í samræmi við það verður gefið yfirlit yfir reglur um stofnun og starfsemi hjá öllum tegundum fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Þá verður einnig gerð grein fyrir hlutverki og heimildum eftirlitsaðila.

### **L-603 FULL Fullnusturéttarfar**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennarar:</b>	Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur, Feldís Lilja Óskarsdóttir og Jóhannes Bjarni Björnsson stundakennarar, auk gestafyrirlesara.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.
<b>Lesefni:</b>	Markús Sigurbjörnsson: <i>Aðfarargerðir</i> , Reykjavík 1995. Viðar Már Matthíasson: <i>Endurheimt verðmæta við gjaldþrot</i> , Bókaútgáfa Orators 2000. Rit útgefin af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1992 um aðfararlög, gjaldþrotalög og nauðungarsölulög ásamt greinargerðum, svo og handbækur um sama efni. Fjölmarginir dómur og fyrirlestrar kennara.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar, umræðutímar og heimsóknir á sýslumannsembætti og í fyrirtæki.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjár kennslustundir í viku
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

### **Markmið**

Að nemendur öðlist þekkingu á þeim aðferðum sem beitt er samkvæmt lögum til að knýja fram efndir á skyldum manna eða lögpersóna, sem sá sem í hlut á vill ekki eða getur ekki efnt af fúsum og frjálsum vilja.

**Lýsing**

Gerð verður grein fyrir aðfarargerðum, en þær eru framkvæmdar til að knýja fram efndir á skuldbindingum manna samkvæmt fullgildri aðfararheimild. Sérstaklega verður fjallað um fjárnám, innsetningargerðir og útburðargerðir. Fjallað verður um aðkomu dómstóla að aðfarargerðum á fyrstu stigum og um ágreiningsmál vegna aðfarargerða. Þá verður fjallað um nauðungarsölu en við hana er eign seld, eftir atvikum að óvilja eigandans, og andvirðinu varið til fullnustu á skuldbindingu hans. Bæði er fjallað um nauðungarsölu á fasteignum og lausafé, um úthlutun uppboðsandvirðis og um ágreiningsmál vegna nauðungarsölu. Þá verður gerð grein fyrir lagareglum um bráða-birgðaaðgerðir en þær eru kyrrsetning, löggeymsla og lögbann. Loks verður fjallað um meginreglur í skuldaskilarétti, en til hans heyra greiðslustöðvun, nauðasamningar og gjaldþrotaskipti. Fjallað verður um gjaldþrota-skiptabeiðni og heimildir skuldara og kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta, úrskurði um gjaldþrotaskipti, skiptastjórn, ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta og um endurheimt verðmæta við gjaldþrot.

**L-604 OPIN Opinbert réttarfar**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennarar:</b>	Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur og Helgi Magnús Gunnarsson, stundakennari auk gestafyrirlesara.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.
<b>Lesefni:</b>	Eiríkur Tómasson: <i>Þvingunarráðstafanir í þágu opinberra mála</i> , rit gefið út af Úlfjótí 2000. Eiríkur Tómasson: <i>Meginreglur opinbers réttarfars</i> , rit gefið út af Úlfjótí 2002. Eiríkur Tómasson: <i>Réttarstaða sakbornings og verjanda</i> , rit gefið út af Úlfjótí 2004. Ingibjörg Benediktsdóttir: <i>Stjórn þinghalds, sókn og vörn í opinberum málum</i> , Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 1996, bls. 39. Jóhannes Rúnar Jóhannesson: <i>Saksókn og vörn í opinberum málum</i> , Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 1996, bls. 39. Lög um meðferð opinberra mála nr. 91/1991 ásamt greinargerðum, útg. af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1992 auk handbókar um sama efni. Fjöldi dóma og fyrirlestrar kennara.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar, umræðutímar og heimsóknir til Ríkislögreglustjóra, dómstóla og í fangelsi.
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjár kennslustundir í viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á meginreglum opinbers réttarfars, rannsókn opinberra mála hjá lögreglu og útgáfu ákæru. Að nemendur öðlist þekkingu á meðferð opinberra mála fyrir dómi, kynnist beitingu málsmeðferðarreglna og samningu dóma í opinberum málum. Einnig að nemendur kynnist hlutverkum sækjanda, verjanda, réttargæslumanns og dómara við rekstur opinbers máls og réttarstöðu sakbornings og brotaþola.

**Lýsing**

Fjallað verður um meginreglur opinbers réttarfars og tengsl þeirra við mannréttinda-ákvæði. Fjallað verður um lögreglurannsóknir, hin ýmsu þvingunarræði lögreglu við rannsókn mála, skýrslutökur af börnum, ákæru og meðferð opinberra mála fyrir dómi. Fjallað verður um almennar reglur um rekstur sakamála fyrir héraðsdómi, um sönnunargögn og sönnunarmat. Sérstaklega verður fjallað um útivistarmál, viðurlaga-ákvæðanir, játningarmál og mál sem sæta aðalmeðferð. Þá verður hugað að dóm-samningu í sakamálum. Fjallað verður um réttarstöðu sakbornings og brotaþola og vikið að hlutverki sækjanda, verjanda og réttargæslumanns við meðferð sakamála. Fjallað verður um einkaréttarkröfur í sakamálum, sakarkostnað og vikið að megin-reglum um málskot til Hæstaréttar.

**L-605 KAUP Kauparéttur**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Jónas Þór Guðmundsson aðjúnkt.
<b>Námsmat:</b>	Verkefni 30% og skriflegt lokapróf 70%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Sérstaklega þarf einnig að ná þeirri einkunn á hinu skriflega lokaprófi.
<b>Lesefni:</b>	Ýmsar tímaritsgreinar eftir Þorgeir Örlygsson, greinargerðir með kaupalögum og annað efni sem kynnt verður síðar.
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar og umræðutímar.
<b>Kennslustundir:</b>	3-4 fyrirlestrar á viku.
<b>Undanfarar:</b>	Nei.

**Markmið**

Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur kunni skil á og geti beitt reglum kaupalaga á raunhæf og fræðileg álitafni er vakna kunna í tengslum við kaupsamninga, m.a. við mat á því hvort kaupsamningur teljist hafa verið vanefndur, hvaða úrræði standi þá til boða og hver séu skilyrði fyrir beitingu þeirra.

**Lýsing**

Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um kaup í skilningi laga um lausfjárkaup nr. 50/2000 og neytendakaup nr. 48/2003. Til samanburðar verður litið til helstu reglna um fasteignakaup samkvæmt lögum nr. 40/2002 og að nokkru til reglna um þjónustu-

kaup samkvæmt lögum nr. 42/2000. Fjallað verður um hugtakið kaup og einstakar tegundir kaupa, skyldur samningsaðila og þær reglur sem gilda um áhættuna af því er söluhlutur skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur kemst á. Ennfremur verður farið ítarlega yfir reglur um vanefndir kaupsamninga og úrræði kaupanda og seljanda vegna vanefnda. Lögin um lausafjárkaup hafa víðtækt gildissvið og ná til margvíslegra verðmæta, bæði ápreifanlegra og óápreifanlegra, svo sem almenns verslunarvarnings og framleiðsluvara, bifreiða, skipa og kröfuréttinda t.d. samkvæmt verðbréfum. Þau gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögnum felast. Lögin um lausafjárkaup hafa verulega þýðingu í viðskiptum og störfum flestra lögfræðinga. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að tengja námsefnið raunhæfum viðfangsefnum

### **L-607 FELA Fjármagnsfélög - hlutafélagaréttur** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Áslaug Björgvinsdóttir dósent.  
**Námsmat:** Verkefni og próf.  
**Lesefni:** Kynnt síðar.  
**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar.  
**Kennslustundir:** 3-4 fyrirlestrar á viku.  
**Undanfarar:** Nei.

#### **Markmið**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist aukna þekkingu og skilning á fjármagnsfélögum (hlutafélögum og einkahlutafélögum), reglum um þau og í úrlausn raunhæfra og fræðilegra álitaefna um þau.

#### **Lýsing**

Um er að ræða framhaldsnámskeið í félagarétti. Í námskeiðinu koma hlutafélög og einkahlutafélög til nánari skoðunar, réttarheimildir um þau, þ.á m. reglur Evrópuréttar um þau og þýðing þeirra. Til umfjöllunar verður m.a.: Staða hluthafa gagnvart félaginu, hlutafé, hlutir, hlutabréf, samþykktir og hluthafasamkomulag, hækkun og lækun hlutafjár, (áskriftarréttindi og lántökur með sérstökum skilyrðum, kaupréttaráætlanir) og eigin hlutir og bann við hlutahafalánum, félagsstjórn, framkvæmdastjórn, hluthafafundur, ársreikningar, endurskoðun, arðgreiðslur, samruni og skipting, félagsslit, hlutafélagasamstæður og ábyrgð stjórnenda, endurskoðenda og hluthafa.

### **L-608 UPPL Upplýsingatækniréttur** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Rán Tryggvadóttir aðjúnkt og Jón Vilberg Guðjónsson stundakennari.  
**Námsmat:** Frammistaða í tímum, verkefnavinna og lokapróf.  
**Lesefni:** Kynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.  
**Kennslustundir:** 3-4 fyrirlestrar á viku.  
**Undanfarar:** Nei.

#### **Markmið**

Að gefa almennt yfirlit um gildandi réttarreglur sem varða upplýsingatækni og þau lögfræðilegu vandamál sem snerta upplýsingatækni og internetið.

#### **Lýsing**

Fyrst verður farið yfir hvernig mismunandi svið upplýsingatækni eru vernduð með hugverkaréttindum. Sérstök áhersla verður lögð á höfundarétt, vernd forrita, gagnabanka, einkaleyfis- og auðkennavernd, þar undir sérstaklega um rétt til lénheita. Þá verður fjallað um eftirlitsþátt með upplýsingatækni, þ.m.t. persónuvernd, refsirétt og skaðabótaábyrgð. Einnig verður fjallað um samninga og framsal réttinda á sviði upplýsingatækni, rafræn skilríki og undirskriftir og öryggismál.

### **L-610 VINN Vinnuréttur** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Oddný Mjöll Arnardóttir stundakennari.  
**Námsmat:** 85% skriflegt próf og 15% raunhæft verkefni.  
**Lesefni:** Vinnuréttarvefur ASÍ o.fl.  
**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, verkefnatímar og umræðutímar.  
**Kennslustundir:** 3-4 tímar á viku, fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar.  
**Undanfarar:** Nei.

#### **Lýsing**

Námskeiðið vinnuréttur skiptist í tvo hluta, vinnumarkaðsrétt og ráðningarrétt. Í vinnumarkaðsrétti er fjallað um vinnulöggjöfina og tengsl hennar við stjórnskipan og mannréttindi, aðildarsamtök vinnumarkaðarins, kjarasamninga og kjaradeilur. Í ráðningarrétti er fjallað um réttindi og skyldur atvinnurekenda og launþega í einstaklingsbundnu ráðningarsambandi, s.s. um stofnun og slit ráðningarsamninga o.fl. Markmið námskeiðsins eru að nemendur öðlist yfirsýn yfir íslenskan vinnurétt og tengsl hans við stjórnskipan, mannréttindi og evrópurétt, þekkingu á helstu réttarreglum sem gilda á vinnumarkaði og skilning á eðli þeirra og tilgangi.

### **L-611 BARIT BA ritgerð** 6 ein. [ECTS:12]

Sérstakt BA-verkefni getur komið í stað tveggja valgreina. Verkefnið skal vega 6 einingar og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra

álitaefna, auk álitaefna á öðrum fræðasviðum og sem tilefni er til að fjalla um á þeim tíma sem ritgerðin er skrifuð.

- Fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til.
- Uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar.
- Efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 240 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 40-50 blaðsíður. Settar verði nánari reglur um lengd og frágang ritgerðanna.

Leiðbeinandi leggur mat á ritgerð nemanda ásamt prófdómara sem deildarforseti tilnefnir. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina auk prófdómara. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild.

## MEISTARANÁM (60 EININGAR, 2 ÁR)

Sjá umfjöllun í 1.2. námsleiðir og sérstaka prentaða kennsluskra fyrir meistaranámið sem einnig er að finna á heimasíðu lagadeilar, <http://www.ru.is/ld>.

## UM NÁMSMAT OG EINKUNNAGJÖF

Um námsmat og einkunnagjöf í lagadeild fer samkvæmt reglum HR um próf og einkunnir. Lágmarkseinkunn í aðferðarfræði (námskeið L-101) er 6 og þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn 6 að meðaltali úr verkefni (ritgerð) og skriflegu miðannarprófi til að heimilt sé að gangast undir munnlegt lokapróf. Einkunnin 6 er jafnframt lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi.

Í greinum þar sem lokapróf, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt, er hluti námsmats skulu aðrir námsþættir því aðeins metnir inn í lokaekinn að stúdent hafi hlotið tilgreinda lágmarkseinkunn á lokaprófi. Ná stúdent ekki tilgreindri einkunn á lokaprófi getur hann ekki nýtt sér einkunnir sem hann hefur fengið fyrir aðra námsþætti þótt hann endurtaki námskeiðið síðar nema kennari ákveði annað.

## REGLUR UM PRÓFGÖGN Í LAGADEILD

Samþykkt á deildarfundum lagadeildar 21. maí 2004

### 1. gr.

Umsjónarkennari námskeiðs ákveður hvaða gögn nemendum er heimilt að hafa með sér í skriflegt próf. Hann getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að hafa hjálpargögn meðferðis.

### 2. gr.

Sé ekki annað ákveðið samkvæmt 1. gr. er nemendum heimilt að hafa eftirtalin gögn meðferðis í skriflegu prófi:

1. Gildandi lagasafn, útgefið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
2. A- og C-deildir Stjórnartíðinda.
3. Safn alþjóðasamninga og gerða ESB samkvæmt nánari ákvörðun kennara.
4. Útprentanir laga og reglugerða af Netinu, stimplaðar og áritaðar af lagadeild.

### 3. gr.

Í gögnum sem greinir í 2. gr. eru heimilar einfaldar undirstrikanir og yfirstrikanir ásamt leiðréttingum á lagatexta. Leiðréttingar greini einvörðungu tilvísanir til númers og heitis nýrra laga. Annars konar tákni eða merkingar, þar með talið límmiða, er óheimilt að nota.

### 4. gr.

Um brot og viðurlög við brotum á reglum þessum eiga við ákvæði 11. gr. reglna um próf og einkunnir og 1. gr. almennra námsreglna.

## FRAMVINDUREGLUR Í LAGADEILD

### Almennt um framvindu náms í BA-námi

BA-nám í lögfræði er samtals 90 einingar og skiptist það á þrjú ár (fyrsta, annað og þriðja námsár). Almennt er gert ráð fyrir að nemandi ljúki 15 einingum á önn eða 30 á ári, miðað við eðlilega námsframvindu. Nemandi er heimilt að innritast á annað námsár í lagadeild, hafi hann lokið a.m.k. 24 einingum af námsefni fyrsta árs, með meðaleinkunn 6 eða hærri. Til að hefja nám á þriðja ári þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 48 einingum á fyrsta og öðru námsári, með meðaleinkunn 6 eða hærri. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 45 einingum í síðasta lagi tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 63 einingum þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið BA-prófi í síðasta lagi fjórum árum

eftir síðustu innritun á fyrsta námsár.

### Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi getur skráð sig í 18 einingar að hámarki. Ef nemandi óskar þess að vera í fleiri en 18 einingum þarf viðkomandi að sækja um leyfi hjá deildarfulltrúa.

### Endurinnritun

Ljúki nemandi einingum við lagadeild en uppfylli ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í deildina. Sé honum veitt slík heimild heldur hann, óski hann þess, þeim námskeiðum/einingum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærri. Þessi réttur fyrnist á 6 árum frá lokum þeirrar annar sem námskeiðið var tekið á.

### Hlutanám

Nemandi, sem hyggst ekki stunda fullt nám við lagadeild, getur sótt um að vera skráður í hlutanám við deildina. Umsókn um hlutanám þarf að berast lagadeild a.m.k. þrem vikum fyrir upphaf skólaárs. Heimild til hlutanáms er háð því að gildar ástæður séu fyrir umsókninni og veigamikil rök fyrir því að veita slíka undanþágu frá almennum framvindureglum. Heimild til hlutanáms má aðeins veita eitt ár í senn eða til skemmi tíma. Heimild til hlutanáms má veita með skilyrðum, m.a. um námsframvindu.

### Námshlé

Nemandi getur sótt um til lagaeildar að gera hlé á námi sínu. Beiðnin skal studd fullnægjandi gögnum er sýni að gildar ástæður séu fyrir beiðninni. Meðal þeirra ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnsburður eða veikindi. Leyfi til námshlés má veita með skilyrðum.

### Undanþágur

Lagadeild getur veitt frekari undanþágur frá framvindureglum ef ríkar ástæður eru til að mati deildarinnar.

## REGLUR UM MAT Á FYRRA NÁMI VEGNA GRUNNNÁMS (BA) Í LAGAEILD:

1. Nemandi, sem óskar mats á fyrra námi vegna námskeiðs eða námskeiða í lagadeild, þarf að sækja um slíkt mat fyrir 15. september vegna haustannar og 15. janúar vegna vorannar. Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið, þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini.
2. Til að nám fái metið þarf það að inntaki og umfangi að standast fyllilega samanburð við það námskeið sem óskað er mats á. Eingöngu nám á háskólastigi

kemur til álita í þessum efnum.

3. Það er almennt skilyrði þess að námskeið í lagadeild fái metið að ekki séu liðin meira en 5 ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á og umsækjandi hafi staðist þær lágmarkskröfur sem gerðar voru til einkunnar í því námi enda séu þær ekki minni en einkunnakröfur við lagadeild HR.
4. Mat á fyrra námi getur aldrei numið meira en 45 einingum samtals.
5. Ákvörðun um hvort fyrra nám skuli metið er í höndum námsmatsnefndar sem deildarfundur skipar. Nefndin skiptir með sér störfum. Niðurstöður nefndarinnar má bera undir deildarfund.

### Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um mat á fyrra námi:

- Umsóknin sjálf (prentuð út af netinu).
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla.
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla (þær þurfa að vera frá því ári sem námskeiðin eru tekin).

## FORSETALISTI

Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista lagaeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 15 einingum. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

Miðað er við að um 3-5% nemenda í grunnnámi komist á forsetalista í hverju sinni.







Háskólinn í Reykjavík  
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík  
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík  
Sími: 599 6200  
Símréf: 599 6201  
[www.ru.is](http://www.ru.is)